



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Apríl 2018



06. apríl 2018

8. tbl. 7. árg

Aprílmánuður hefur heilsað þó veturinn hafi ekki alveg sagt skilið við okkur. Skólafárið í mars var líflegt þar sem hápunkturinn var árs hátíðin okkar. Árs hátíðarvikan og árs hátíðin sjálf gengu ljómandi vel. Skólinn var fallega skreyttur af nemendum og atriðin á sýningunum okkar skemmtileg. Allt þetta var nemendum og kennurum þeirra til sóma. Í tengslum við árs hátíð viljum við þakka Air Iceland Connect og Akureyri Icelandair Hotels fyrir stuðninginn.

Skólahreystikeppnin á Norðurlandi var haldin miðvikudaginn 4. apríl og stóðu krakkarnir okkar sig með sóma.

Við þökkum þeim fyrir þeirra framlag og ekki síst þeim sem stóðu vaktina á pöllum og hvöttu sitt fólk. Samstaðan og gleðin á svona samkomum er það sem skiptir máli og einnig að gleðjast yfir velgengni annarra. Þannig geta allir verið sigurvegarar.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar á Akureyri var haldin 7. mars. Sú hátíð var í Kvosinni í Menntaskólanum og stóðu nemendur okkar sig með þryði.

Glerárskóli átti góðan dag í Hlíðarfjalli þann 6. mars þar sem veðrið lék við okkur. Útivist er alltaf hressandi og það er skemmtilegt að vera með mörgum sem maður þekkir að leik í fjallinu.

Framundan er aprílmánuður, góður til náms, leikja og góðrar útivistar og ýmsir skemmtilegir og áhugaverðir atburðir á dagskránni hjá okkur.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Helgu, Tómasi Lárusi og Aðalheiði

Til umhugsunar:

- Metnaður
- Dugnaður
- Árangur
- Gleði

Efnisyfirlit:

<i>Apríl</i>	1
<i>Skólalöng</i>	2
<i>Hjól og hjálmar</i>	2
<i>Tölvuskjái</i>	2
<i>Sögur</i>	3
<i>Þörupiltar</i>	3
<i>Farartæki á hjólum</i>	3



Skólaþing

Við stefnum að skólaþingi í Glerárskóla í lok apríl. Umræðuefnið verður umgengni og agi. Nemendur munu ræða málin á bekkjarfundum í upphafi skóladags. Síðar þann dag munum við skipta þeim í 21 hóp þar sem unnið verður að þeim spurningum sem komu upp á bekkjarfundunum. Skráðar verða niðurstöður umræðna og þeim skilað til skólastjórnenda. Fimmtudaginn 26. apríl munum við síðan hittast á sal þar sem niðurstöður umræðna verða kynntar og nemendur kjósa um þær reglur sem þeir vilja hafa í nýjum umgengnisáttmála skólans.



Hjól og hjálmar

Nú er að koma sá tími að hjól og önnur tæki á hjólum eru dregin fram. Við viljum minna á að allir nemendur eiga að vera með hjálma á höfði þegar þeir eru á hjóli á leið í eða úr skóla og á hjólasvæði skólans. Nemendur fá ekki að fara í hjólaferðir á vegum skólans nema með hjálm.

Tölvuskjái



Fyrir páska fengum við í Glerárskóla gefins 30 tölvuskjáir frá Landsbankanum. Þetta voru skjái sem bankinn er hættur að nota en nýtist okkur hér ljómandi vel. Nú er búið að skipta út elstu skjánum okkar og síðasti túbuskjáriinn er komin í geymslu. Við þökkum Landsbankanum kærlega fyrir rausnarlega gjöf.

Atburðaskrá í apríl:

6.apríl 10. b.	Aflið og vímuefnafræðsla
9. apríl 10. b.	PISA
10. apríl 10. b.	PISA
11.apríl 1. og 2. b.	Söngvaflóð í Hofi
12.apríl 3.,4. og 7. b.	Söngvaflóð í Hofi
13.apríl 5. og 6. b.	Söngvaflóð í Hofi
16. apríl 9. og 10. b.	Pörupiltar
Í vikunni 16.-20 apríl	Spurningakeppni á miðstigi
26. apríl Allir	Skólaþing
27. apríl 10.b.	Aflið og vímuefnafræðsla

og svo allt hitt sem kemur óvænt inn á borð hjá okkur.

Sögur



Sögur, verðlaunahátíð barnanna verður haldin þann 22. apríl í Eldborgarsal Hörpu og verður í beinni útsendingu á RÚV.

Í vetur hefur margt spennandi gerst í nafni verkefnisins Sögur, þar sem lestrargleði og sköpunarhæfileikar barna hafa leitt af sér smásögur, handrit, stuttmyndir, leikrit og bókaormaspjall, auk þess sem í framleiðslu er hjá Menntamálastofnun rafbók með smásögum barna.

Nú stýttist í hátíð þar sem verðlaun verða veitt fyrir verk eftir börn og verk sem fullorðnir hafa skapað fyrir börn. [Sögur, samtök um barnamenningu](#) hafa tilnefnt verk eða einstaklinga í mismunandi flokka, s.s. barnabók ársins, sjónvarpsstjarna ársins, lagatexti ársins og barnaleikrit ársins. Bókaverðlaun barnanna, hin árvissu verðlaun Borgarbókasafnsins eru nú hluti af Söguverðlaunahátíðinni.

Öll börn á aldrinum 6 – 12 ára eru hvött til að kjósa sitt uppáhald í hverjum flokki og fer kosningin fram á vef KrakkaRÚV - <http://krakkaruv.is/sogur> Kosningu á vefnum lýkur mánudaginn 16. apríl.



Pörupiltar 16. apríl

Foreldrafélag Glerárskóla býður nemendum í 9. og 10. bekk á leiksýninguna Pörupiltar.

Pörupiltarnir fræða unglingana um kynlíf á sinn skemmtilega hátt.

Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir þetta boð og vitum að nemendur eiga eftir að hafa gagn og gaman af sýningunni.

Farartæki á hjólum

Minnum alla á reglur skólans um farartæki á hjólum. Þær má finna á heimasíðu skólans og er gert ráð fyrir að allir fylgi reglunum í hvívetna.

Munum að allir nemendur eiga að nota hjálm!



**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga
frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er
hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er:
glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is

Við erum á
Facebook:
Glerárskóli